

Dags eftirlits	19.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þórunn Harðardóttir	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Kári Marís Guðmundsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en útistandandi eru fjögur frávik vegna úrgangs og umgengni á lóð.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í PCC á Bakka og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Fyrirhuguð rekstrarstöðvun
- Samráðsfundur
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Fyrirhuguð er tímabundin rekstrarstöðvun verksmiðjunnar sem hefst seinnipart júlímánaðar. Rekstraraðili fór yfir ástæður stöðvunarinnar og horfur til framtíðar.

Útistandandi eru þrjú frávik er varða magn úrgangs og umgengni á lóð rekstraraðila. Rætt var um möguleika í stöðunni og rekstraraðili lagði fram að nýju útskolunarpróf á úrgangs- og hráefnahaugum sem framkvæmd voru 2021. Ákveðið var að skoðaðir yrðu frekari möguleikar á að koma úrgangs- og hráefnahaugum út og hefur rekstraraðili verið í sambandi við stofnunina í kjölfar eftirlitsins vegna þessa.

Rætt var um BAT-greiningu á starfseminni en stofnunin óskaði fyrst eftir slíkri greiningu í eftirliti 2024.

Farið var í skoðunarferð og ekki var tilefni til athugasemda utan þeirra sem framangreind frávik fjalla um.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.09.2025



Sigríður Magnúsdóttir